



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

6.fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 24. september kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Helgi Héðinsson, varamaður Guðrúnar Brynleifsdóttur, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
 2. Siðareglur kjörinna fulltrúa Skútustaðahrepps
 3. Erindisbréf nefnda
 - a. Atvinnumálanefnd
 - b. Félags og menningarmálanefnd
 - c. Landbúnaðar og girðinganevnd
 - d. Skipulagsnefnd
 - e. Umhverfisnefnd
 - f. Skólanefnd
 4. Fundargerðir
 - a. Skipulagsnefndar frá 15. september 2014
 5. Málefni Sorpsamlags Þingeyinga
 6. Bréf formanns fjárlaganefndar Alþingis frá 16. september 2014
 7. Bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytisins frá 1. september 2014 – umsögn um drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða
 8. Almannavarnir vegna Bárðarbungu.
 9. Aðalfundarboð Sorpsamlags Þingeyinga.
 10. Tölvupóstur framkvæmdastjóra Mýsköpunar dags. 23. september 2014
- Efni til kynningar
Fundargerð Aðalfundar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga frá 27. ágúst 2014
Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 15. september 2014

C/PE

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að eftirtöldum liðum yrði bætt á dagskrá. 4 f. Erindsbréf skólanefndar, 8. Almannavarnir vegna Bárðarbungu, 9. Aðalfundarboð Sorpsamlags Þingeyinga, 10. Tölvupóstur framkvæmdastjóra Mýsköpunar. Samþykkt.
2. Samkvæmt 29. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 skal sveitarstjórn setja sér siðareglur. Málið var áður á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 27. ágúst 2014. *Sveitarstjórn samþykkir framlagðar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum Skútustaðahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að vísa siðareglunum til kynningar í fastanefndum sveitarfélagsins og til staðfestingar innanríkisráðherra.*
3. Lögð fram erindisbréf fyrir Atvinnumálanefnd, Félags og menningarmálanefnd, Landbúnaðar og girðinganevnd, Skipulagsnefnd, Umhverfisnefnd og Skólanefnd. *Sveitarstjórn samþykkir framlögð erindsbréf og samþykkir að vísa þeim til kynningar í fastanefndum sveitarfélagsins.*
4. Lögð fram fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 15. september s.l. Fundargerðin er í fjórum liðum.

1. liður

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í Reykjahlíð og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna skipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Samþykkt samhljóða.

2. liður

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

Deiliskipulag Reykjahlíðar

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku hennar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Samþykkt með 3 atkvæðum. Sigurður Böðvarsson situr hjá. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni.

3. liður

Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku hennar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra og oddvita að leita samkomulags við landeigendur Reykjahlíðar um endurskoðun á samningsákvæðum í samningi milli

CPC

Skútustaðahrepps og landeigenda frá 20. febrúar 1969 um að ekki verði byggt norðan Hlíðavegar fyrr en önnur svæði verði fullbyggð. Samþykkt samhljóða.

4. liður

Grímsstaðir. Breytingar á skipulagsákvæðum aðalskipulags vegna verslunar og þjónustusvæðis 363-V

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir að gerðar verði eftirfarandi breytingar á landnotkunarreit 363-V, verslunar- og þjónustusvæði, í kafla 6.6 í greinargerð með Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023: Í stað tveggja hæða bygginga verði heimilt að byggja allt að þriggja hæða byggingar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
363-V	(33) ha	Grímsstaðir norðan Kísilveggar (87)	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Hótel og ferðaþjónusta. Allt að þriggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi

Jafnframt felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Samþykkt samhljóða.

5. Á hluthafafundi Sorpsamlags Þingeyinga ehf. þann 25. júlí s.l. var samþykkt að slíta samstarfi sveitarfélaga í Sorpsamlaginu og lagt til að eigendur yfirtækju skuldir félagsins við Lánasjóð sveitarfélaga í hlutfalli við upphaflegan eignarhlut í félaginu.

Heildarskuld við lánasjóðinn er 310 millj.kr. Eignarhluti Skútustaðahrepps í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. er 11,04% og yfirtaka skulda sveitarfélagsins nemur því 34,2 millj.kr.

Sveitarstjórn samþykkir yfirtöku skulda Sorpsamlags Þingeyinga ehf. vegna ábyrgðar við Lánasjóð sveitarfélaga í hlutfalli við upphaflegan eignarhlut Skútustaðahrepps í félaginu. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2014 að fjárhæð 34,2 millj.kr. vegna yfirtöku langtímalána frá Lánasjóði sveitarfélaga. 16,6 millj.kr. færast til gjalda á hreinlætismál og 17,6 millj.kr. fara til lækkunar á skammtímaskuldum aðalsjóð.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 33.300.000 kr. til 8 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til endurfjármagna hluta láns Sorpsamlags Þingeyinga, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jón Óskar Péturssyni, kt: 190775-6079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skútustaðahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

YPK

6. Í bréfinu er sveitarstjórnun og landshlutasamtökum boðið að eiga fundi um fjármál sveitarfélaga með fjárlaganefnd alþingis í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps 2015. *Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að eiga fund með nefndinni um málefni sveitarfélagsins.*
7. Í bréfinu er óskað umsagnar og ábendinga um tillögur Mannvirkjastofnunar um starfsemi slökkviliða. *Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögnum til Slökkviliðstjóra til skoðunar og umsagnar.*
8. Sveitarstjóri upplýsti um fundi sem hann hefur sótt hjá Almannavörnum. Upplýsingar hafa verið settar inná heimasíðu sveitarfélagsins. Rætt um S02 mælingar í Mývatnssveit og upplýsingagjöf til íbúa varðandi viðbrögð við mengun. Sveitarstjóra falið að ræða við Umhverfisstofnun varðandi staðsetningu mæla í Mývatnssveit og ræða við sýslumann um að halda íbúafund í Mývatnssveit vegna loftgæðamála
9. *Lagt fram Aðalfundarboð Sorpsamlags Þingeyinga mánudaginn 29. September kl 16:00. Sveitarstjórn samþykkir að Oddviti fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.*
10. Í tölvupóstinum eru hluthöfum Mýsköpunar ehf gefin kostur á að nýta forkaupsrétt í félaginu í tengslum við viðskipti með hlutabréf í félaginu. *Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti hlutabréfa í félaginu.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson

Yngvi R. Kristjánsson

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Sigurður Böðvarsson

Sigurður Böðvarsson

Helgi Héðinsson

Helgi Héðinsson

Friðrik Jakobsson

Friðrik Jakobsson

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

Jón Óskar Pétursson